

Nd.

314. Lög

um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

1. gr.

Þeim einum er heimilt að stunda vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er fullnægja ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 12 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skirteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands eða skir-

teini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskípum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnæðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skirteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skirteini greiðist 10 krónur, er renna í rikissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skirteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókni, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.